

Dags eftirlits	13.12.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	PCC BakkiSilicon hf.	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili		Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala		Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Erlingur E.Jónasson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Elma Sif Einarsdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrsta eftirlit PCC á Bakka. Rekstur er ekki hafinn og komu engin frávik fram frá starfsleyfi. Tvær athugasemdir eru gerðar, annars vegar varðandi geymslu aukaafurða og hins vegar var lögð fram beiðni um frekari upplýsingar vegna bókunar á fóðringum.

UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var á fundi þar sem farið var yfir starfsemi PCC á Bakka, fyrirkomulag eftirlits og ákvæði í starfsleyfi. Framkvæmdir á svæðinu eru nú langt komnar en reiknað er með gangsetningu fyrsta ofns í enda janúar nk. Þegar sá ofn er orðinn stöðugur verður seinni ofninn einnig gangsettur en reiknað er með að það geti tekið um 4-6 vikur. Þá er umhverfismarkmið seinni hluta næsta árs þrengd í að ná rykmagni niður fyrir 5 mg/Nm³ í útblæstri frá ofnunum. Um 111 starfsmenn munu starfa hjá fyrirtækinu og er ráðningarferli að klárast.

Rætt var um vatnsmál á svæðinu en skv. starfsleyfi skal nýting á vatni vera eins góð og kostur er. Kælikerfi sem notað er í ofnhúsi er lokað en bætt er á vatni vegna uppgufunar. Allt skólþ fer í fráveitukerfi Húsavíkurbæjar og er afrennslisvatn leitt í ofanvatnskerfi í Bakkaá.

Samkvæmt rekstraraðila ætti ekki að berast lyktarmengun frá verksmiðjunni alla jafna en það væri helst ef einhver óhöpp yrðu í framleiðslunni. Búast mætti þó við lykt við bókun á fóðringum ásamt reyk eins og stofnuninni hafði verið gert kunnugt um. Þá er umhverfismarkmið seinni hluta næsta árs að ná rykmagni undir 5 mg/Nm³ í útblæstri frá ofnum.

Tekin voru fyrir umhverfismarkmið rekstrararaðila en meðal þeirra er að fá vottun á ISO14001 umhverfisstjórnunarkerfi á seinni hluta næsta árs. Markmiðið er að allt sem fellur til við framleiðsluna sé hægt að selja sem aukaafurðir en unnið er að samningum við einn móttökuaðila sem tæki þá við öllum aukaafurðum frá verksmiðjunni. Samkvæmt rekstraraðila ættu enginn spilliefni að falla til vegna rekstursins ef undan er talið viðhaldsbúnaður s.s. rafgeymar.

Rekstraraðili tilkynnti um breytingu á fyrirkomulagi við bókun á fóðringum. Tillagan felur í sér lengra ferli, tæpa viku í stað þriggja daga en að ekki verði notað timbur við uppkeyrsluna. Búist er við því að reykur verði mestur í byrjun þegar kosið er að hitna á botninum. Búast má við vatnsgufu meðan ofnskel og fóðringar ofnsins er að þorna. Umhverfisstofnun hefur ekki tekið afstöðu til þessara breytinga.

Að lokum var farið í vettvangsferð um svæðið. Enn standa framkvæmdir yfir og því mikið af byggingarefni enn á svæðinu. Gengið var um svæðið og hráefnisgeymslur ásamt því að skoða ofnhús og síuhús. Skipulag virtist gott á svæðinu og voru afmörkuð svæði þar sem hætta var talin vegna framkvæmda.

ATHUGASEMDIR

Rætt var um geymslu aukaafurða á svæðinu á fundinum en þar kom fram að ekki væri búið að skipuleggja hvar á svæðinu aukaafurðir yrði geymdar. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt grein 3.3 í starfsleyfi ber að geyma aukaafurðir í vel lokuðu geymslurými, t.d. gámum, á meðan beðið er eftir að efnid sé flutt af svæðinu.


Stofnunin óskar eftir röksemdarfærslu vegna breytinga á gangsetningarferli og upplýsinga um hvaða áhrif það hefur á mengun frá verksmiðjunni á meðan ferlinu stendur.

ANNAD

Með í eftirliti var einnig frá Umhverfisstofnun, Guðbjört Stella Árnadóttir. Frá PCC BakkiSilicon voru einnig Hafsteinn Viktorsson og Jökull Gunnarsson.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 02.01.2018



Einar Halldórsson